

# Stofnfundur Íslenska matsfræðifélagsins

Haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi 15. maí 2007

1. Björk Ólafsdóttir setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og sagði í stuttu máli frá aðdraganda stofnunar félagsins. Gengið var til dagskrár (sjá [hér](#)).
2. Fundurinn fól Margræti Friðriksdóttur fundarstjórn og Sigríði Sigurðardóttur að vera ritari.
3. Lögð fram tillaga undirbúningshóps að lögum félagsins og opnað á umræðu um þau. Breytingar voru gerðar á 1. grein þar sem fundurinn samþykkti að nafn félagsins yrði Íslenska matsfræðifélagið í stað tillögunnar Íslenska matsfræðingafélagið. Nokkrar umræður urðu um 3. grein þar sem kveðið er á um aðild að félaginu. Fundurinn samþykkti greinina þó óbreytta. Lög félagsins má finna [hér](#).
4. Stofnaðild var samþykkt 5.000 krónur og ákveðið að fela næsta aðalfundi að ákveða árgjald félagsins. Fundarmenn voru á einu máli um mikilvægi þess að hafa árgjaldið ekki of hátt.
5. Kosið var í stjórn félagsins. Margræt Friðriksdóttir bar upp tillögu undirbúningshóps að formanni félagsins, fjórum aðalmönnum í stjórn og tveimur varamönnum og var sú tillaga samþykkt. Í stjórn félagsins verða:
  - Björk Ólafsdóttir formaður
  - Sigurborg Matthíasdóttir
  - Halldóra Pétursdóttir
  - Margræt Friðriksdóttir
  - Ólafur H. JóhannssonÍ varastjórn verða:
  - Sigríður Sigurðardóttir
  - Oddný HarðardóttirStjórnin mun skipta með sér verkum á sínum fyrsta fundi.
6. Rætt um starfáætlun/stefnumörkun félagsins og vísað í þau markmið sem tilgreind eru með stofnun félagsins í lögnum.
7. Önnur mál. Undirbúningshópurinn kynnti hugmyndir sínar að væntanlegri heimasíðu félagsins sem yrði aðalvettvangur þess. Umræður urðu um

- væntanlegt lén og einnig um skammstöfun félagsins. Tveir fundarmenn kvöddu sér hljóðs og þökkuðu undirbúningshópi fyrir framtakið.
8. Fundarstjóri sleit fundi.

Sigríður Sigurðardóttir